

Föstudaginn 24. maí 1985.

Nr. 88/1983. **Jóhannes Guðvarðarson og
Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Sigríði Sigurðardóttur

(Guðjón Styrkársson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Miski. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1983. Þeir krefjast þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefndu 3.000,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 13. maí 1982 til 26. október 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, en málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa viðurkennt óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefndu. Bættu þeir henni að fullu fjártjón hennar vegna árekstrarins, er hún krafðist þess, að því er ætla verður samkvæmt málflutningi í nóvember 1979.

Kröfur sínar reisa áfrýjendur á því, að fébætur til stefndu vegna ófjárhagslegs tjóns hennar beri að ákvarða eftir verðlagi, þegar slys bar að höndum. Verði þær hins vegar ákveðnar eftir núverandi verðlagi, beri ekki að dæma vexti á bótafjárhæð frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Sú bótafjárhæð, sem áfrýjendur fallist á að greiða stefndu í kröfugerð sinni hér fyrir dómi, hafi henni staðið til boða þegar í nóvember 1979, en hún hafnað því boði og ekki hafist handa um kröfugerð að nýju fyrr en með kröfubréfi, dags. 13. maí 1982. Vegna þess tómlætis stefndu um að halda fram kröfum sínum beri einungis að dæma henni vexti af bótafjárhæðinni frá síðastgreindum tíma.

Áverkum stefndu er þannig lýst í vottorði Tryggva Þorsteinssonar lækni, dags. 22. apríl 1982:

„Grunn fleiður og hruflsár á enni. Þverskurður, 4. cm langur, á hægri kinn, sem náði að hægna nasavæng. Framan við hægna eyrað, ca. 5 cm framan við hlustina var 4,5 cm langur, mjög rifinn og tættur skurður, sem reyndist all djúpur, en lá þó utan við munnvatnaskirtilinn. Í þessu sári var stórt glerbrot. L-laga skurður hægna megin á nefhrygg. Þverskurður, 15 mm langur, á hægri nasavæng. Þverskurður, 15 mm langur á vinstri nasavæng. Báðir þessir skurðir voru djúpir. Hægna megin á efri vör var óreglulegt sár, W-laga og náði þessi skurður í gegnum vörina. 2 cm skurður yfir hægri neðri kjálka. Grunnt sár hægna megin á höku. Neðan á miðri hökunni var 4 cm langt sár, sem náði dálítið upp á kjálkabardðið til vinstri. Þetta sár náði inn að beini og hafði holdið rifnað frá á allstóru svæði yfir neðri kjálkanum. Þar fundust 4 smá glerbrot.“

Stefnda þurfti ekki á sjúkrahúsvist að halda eftir slysið, en var frá vinnu allt að tveimur vikum. Eftir fyrstu læknisáðgerð á slysa-deild Borgarspítalans þurfti hún þrisvar að fara á slysa-deildina til eftirlits. Á árinu 1978 leitaði hún tvisvar til Árna Björnssonar lýta-lækni til að láta lagfæra örin eða fjarlægja úr þeim glerbrot, og árið 1981 lagfærði sami læknir enn sum öranna á göngudeild Landspítalans. Lýsing hans á örunum eftir þá aðgerð er tekin upp í héraðsdóm.

Ljóst er, að stefnda, sem var 22 ára, þegar slysið bar að höndum, hefur við það orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni bæði vegna sársauka og andlegra þjáninga, en þó aðallega vegna óþrýði af örunum. Eru ör þessi vel sýnileg á fleiri en einum stað í andliti stefndu, þó að ekki virðist þau sérstaklega áberandi. Ber áfrýjendum að bæta stefndu tjón hennar, svo sem þeir viðurkenna.

Boð það er áfrýjendur gerðu stefndu um bætur fyrir miska í nóvember 1979, þykir ekki hafa verið slíkt, að það eigi að hafa áhrif á fébótakröfu hennar, þó að hún hafnaði því. Við ákvörðun bótanna þykir mega taka tillit til verðlags, eins og það er nú. Þegar bótafjárhæð er dæmd þykir rétt að líta til þess, að við það verður að miða, að vextir þeir, sem dæmdir verða á bótaféð, hafi verið ákveðnir þannig, að verulegt tillit hafi verið tekið til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að leiðrétta ber þessar dagsetningar í dómsorði:

Þar sem stendur 1. júlí 1980, á að standa 1. júní 1980, og þar sem stendur 1. júní 1980, á að standa 1. júní 1981.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 19.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur með þessum breytingum á dagsetningum í dómsorði hans: Þar sem stendur 1. júlí 1980, á að standa 1. júní 1980, og þar sem stendur 1. júní 1980, á að standa 1. júní 1981.

Áfrýjendur Jóhannes Guðvarðarson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefndu, Sigríði Sigurðardóttur, 19.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullægja að viðlagri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda aftur að orðunum „Boð það, er áfrýjendur gerðu stefndu...“ Í stað þess tel ég að eigi að koma:

Boð það, er áfrýjendur gerðu stefndu um bætur fyrir miska í nóvember 1979, þykir ekki hafa verið slíkt, að það eigi að hafa áhrif á fébótakröfu hennar, þó að hún hafnaði því. Við ákvörðun bótanna þykir mega taka tillit til verðlags, eins og það er nú. Viðurkennt er, að stefnda krafði áfrýjendur bóta eigi síðar en í nóvember 1979. Verða vextir á bótaféð því dæmdir frá 1. desember s.á. Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar þykir þó rétt að líta til þess, að við það verður að miða, að vextir þeir, sem dæmdir verða á bótaféð, hafi verið ákveðnir þannig, að verulegt tillit sé tekið til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Þegar framangreint er virt, þykja fébætur til stefndu hæfilega

ákveðnar 30.000,00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 26. október 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum tel ég, að dæma beri áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 30.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, hefur Sigríður Sigurðardóttir, nnr. 7661-8879, bankafulltrúi, Hlíðarbraut 7, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 26. október 1982, á hendur Jóhannesi Guðvarðarsyni, nnr. 5078-1526, Breiðvangi 30, Hafnarfirði, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., nnr. 8134-7344, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 120.000,00 með 19% ársvöxtum frá 2. febrúar 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 26. október 1982, en með hæstu innlánsvöxtum, dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndu gera þær kröfur, að þeim verði einungis gert að greiða kr. 3.000,00 með 34% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til birtingardags stefnu, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 9. febrúar 1978 ók stefnandi í bifreið sinni, G-5001, suður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði og lenti þá í árekstri við bifreiðina G-830. Skráður eigandi þeirrar bifreiðar var stefndi Jóhannes, en bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. Við slysið hlaut stefnandi varanleg ör í andliti.

Það er ágreiningslaust, að stefndi Jóhannes ber óskipta fébótaábyrgð á slysinu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hún hafi hlotið mikil og varanleg ör í andliti, sem hafi bakað henni óþægindi og þjáningar og raski alvarlega

högum svo ungrar stúlku, en hún sé fædd 15. nóvember 1955. Hún hafi verið frá vinnu í nokkrar vikur eftir slysið, en hún hafi starfað við afgreiðslu í banka. Hún hafi ekki getað tekið upp sín fyrri störf í bankanum við afgreiðslu fyrstu sex mánuðina eftir slysið, heldur hafi hún unnið aflok-uð í bakherbergi.

Þá byggir stefnandi kröfur sínar á 67. gr., 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að því er varðar stefnda Jóhannes, en á 74. gr., 2. mgr., og 70. gr., 1. og 3. mgr., sömu laga að því er varðar stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum, að bætur þessar, kr. 3.000,00, hafi verið boðnar fram í samningaviðræðum við stefnanda með milligöngu Egils Gestssonar tryggingamiðlara og hafi boð þetta verið í samræmi við dómvenju þess tíma. Sé því enn haldið við þetta boð. Þá hafi stefnandi með því að neita boðinu og aðhafast ekkert frá því í nóvember 1979 firrt sig rétti til vaxta fyrr en frá dagsetningu kröfubréfs á dskj. nr. 7. Þá sé því sérstaklega mótmælt, að krafa stefnanda sé verðtryggt. Af þessum sökum eigi málskostnaður að falla niður.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefndu sérstaklega vaxtafæti og dómvaxtakröfu stefnanda af stefnufjárhæðinni.

II.

Í máli þessu er einungis deilt um fjárhæð miskabóta, en ágreiningur er ekki um bótaskyldu.

Í læknisvottorði á dskj. nr. 4 er lýst ástandi stefndu við komu á slysadeild Borgarspítalans eftir slysið, svo og sjúkrasögu hennar til 23. febrúar, er hún var útskrifuð af slysadeild. Læknisvottorð á dskj. nr. 5 er dagsett 20. september 1979 og lýsir ástandi stefnanda, eins og það var þá. Þar kemur fram, að á árinu 1978 þurfti stefnandi tvívegis að fara í aðgerðir til að láta lagfæra ör í andliti hennar og fjarlægja úr þeim glerbrot. Síðasta læk-nisvottorðið á dskj. nr. 10 er dagsett 21. janúar 1983, undirritað af Árna Björnssyni, yfirlækni lýtalækningadeildar Landspítalans. Þar segir svo m.a.:

„Kvartanir slösuðu varðandi útlit sitt eru þær, að örin verða meira áber-andi við hitabreytingar, sérstaklega í kulda, en hún hefur ekki frá þeim önnur óþægindi.

Við skoðun sjást ör eins og fyrr á við og dreif um andlitið þó að þau séu mun minna áberandi en var við fyrstu skoðun. Mest áberandi eru ör á nefi og út í hægri kinn, ör á höku og ör á hægri kjálkabarði. Það eru ekki líkur til að frekari aðgerðir mundu breyta miklu um örin og þau verða alltaf til lýta.“

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um sjúkrasögu og áverka

stefnanda, svo og við skoðun á andlitslýtum hennar þykir ljóst, að hún hafi orðið fyrir miska vegna óþæginda og lýta af völdum slyssins, og teljast miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar kr. 40.000,00 með 16% ársvöxtum frá 9. febrúar 1978 til 21. s.m., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 26. október 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.800,00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jóhannes Guðvarðarson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f., greiði in solidum stefnanda, Sigríði Sigurðardóttur, kr. 40.000,00 með 16% ársvöxtum frá 9. febrúar 1978 til 21. sama mánaðar, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 26. október 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1983, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 10.800,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.